



LAGAÐEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

in
svarar kröfum tímans



Laganám í hundrað ár

100 ára afmælisblað lagadeildar Háskóla Íslands



LAGAÐEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

in
svarar kröfum tímans

HÁSKÓLI ÍSLANDS LAGAÐEILD • Gimli við Sæmundargötu • IS-101 Reykjavík

Sími: 525 4000 • www.lagadeild.hi.is

Útgefandi: Lagadeild Háskóla Íslands • September 2008

Hönnun: Jónsson & Le'Macks

LEIÐANDI AFL

Ávarp deildarforseta

Kæri viðtakandi.

Lagadeild Háskóla Íslands fagnar því að 1. október 2008 eru liðin eitt hundrað ár síðan lagakennsla hófst á Íslandi. Þá tók lagaskólinn til starfa sem varð síðar að lagadeildinni við stofnun Háskóla Íslands árið 1911. Með þessu var náð langþráðu takmarki og baráttumáli sem var samofið sjálfstæðisbaráttu Íslendinga frá miðri 19. öld allt fram til heimastjórnar árið 1904 þegar lög um lagaskólann voru samþykkt.

Þótt smátt væri byrjað voru það stórhuga menn sem stóðu að stofnun og undirbúningi lagaskólans og störfn framundan voru ærin. Stærsta og metnaðarfullsta verkefnið var að skrifa frá grunni íslenskar lögfræðibækur til að nota við kennslu því engar slíkar voru til. Þar þurfti að plægja akur því öldum saman höfðu íslenskir stúdentar lært lög við Kaupmannahafnarháskóla þar sem íslenskum lögum og einstæðri réttarsögu var lítill gaumur gefinn. Óhætt er að segja að þrekvirki hafi verið unnið við mótun og uppbyggingu rannsókna og kennslu í íslenskrri lögfræði fyrstu áratuginna í starfi lagadeildarinnar. Umhverfi laganáms er gerbreytt, en lagadeild Háskóla Íslands er áfram höfuðvígi rannsókna í íslenskrri lögfræði og uppspretta allra helstu kennslu- og fræðiritu um efnið. Starfsfólk lagadeildar Háskóla Íslands er stolt af deildinni og leggur metnað sinn í að viðhalda stöðu hennar sem leiðandi afls í íslenskrri lögfræðimenntun.

Lagadeild hefur átt afar árangursríkt samstarf og ræktað tengsl við fyrirtæki úti í atvinnulífinu, lögmannsstofur og stofnanir. Deildinni er líka dýrmætt að njóta áfram þeirrar velvildar og stuðnings sem hún hefur hlotið frá fyrrum nemendum sínum og öðrum velunnurum í áranna rás. Í tengslum við deildina starfa virk Hollvinasamtök sem hafa reynst henni mikilvægur bakhjarl. Ég vil nota þessi tímamót



til að hvetja þig til að ganga í samtökin og leggja með því hönd á plóg við að styrkja og efla starf deildarinnar til framtíðar.

Skólaárið 2008-2009 verður helgað 100 ára afmæli lagadeildarinnar. Af því tilefni er þetta blað gefið út þar sem stiklað er á stóru í sögu og starfsemi deildarinnar. Hér birtist einnig viðburðadagatal þar sem lýst er fjölbreyttri afmælis dagskrá sem hefst á haustmánuðum og stendur fram á næsta vor. Með því fæst innsýn í það margháttaða fræðistarf sem fer fram í deildinni, bæði í alþjóðlegri samvinnu við virta fræðimenn annarra háskóla og af vettvangi fræðanna sem iðkuð eru við deildina.

Mér er sérstök ánægja að bjóða þig hjartanlega velkominn til að taka þátt í afmælis dagskrá lagadeildar Háskóla Íslands sem er framundan.

Björg Thorarensen, deildarforseti

SAGAN Í HNOTSKURN

1908-2008

„Lagaskólinn á að búa til lagaembættismenn landsins. En til þess þarf hann fyrst að byggja íslenska lögfræði upp frá grunni. Í henni hefur engin kennslubók nokkru sinni verið til.“

Svo mælti Lárus H. Bjarnason, forstöðumaður, þegar lagaskólinn var settur í fyrsta sinn þann 1. október 1908. Með stofnun lagaskólans rættist langþráður draumur Íslendinga um að kennsla í íslenskum lögum færi fram á Íslandi. Á árunum 1845 til 1900 komu málefni lagaskóla fyrir á alls 22 þingum af 28, ýmist í formi bænarskrár eða frumvarps. Ekkert mál var oftast lagt fyrir Alþingi á þessum tíma og baráttu fyrir stofnun lagaskóla varð liður í sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar. Rök alþingismanna voru meðal annars þau að eftir því sem Alþingi starfaði lengur yrði íslensk lögjögjöldíkari þeirri dönsku og Kaupmannahafnarháskóli kenndi einungis dönsk lög.

Grunnur að sjálfstæði Íslendinga

Eitt af fyrstu frumvörpunum sem Hannes Hafstein, ráðherra, fékk samþykkt af konungi eftir að Ísland fékk heimastjórn, árið 1904, var um stofnun lagaskóla. Gert var ráð fyrir því að lagaskólinn tæki til starfa um leið og fé yrði veitt til þess af fjárlögum. Nokkru síðar var veittur styrkur í tvö ár til Lárusar H. Bjarnasonar alþingismanns til að undirbúa stofnun skólans og árið 1908 var skólinn settur við hátíðlega athöfn.



Lagaskólinn var til húsa í Þinghóltsstræti 28 árin 1908-1911.

Lagaskólinn hóf starfsemi sína í þremur herbergjum sem tekin voru á leigu við Þinghóltsstræti 28. Húsakynnin þóttu frekar óvistleg, bæði voru þau dimm og lágt var til lofts. Auk Lárusar var Einar Arnórsson ráðinn til skólans og ári síðar Jón Kristjánsson. Þessara þriggja kennara beið það mikla verkefni að hefja kennslu og semja kennslubækur í lögum á íslensku. Lögfræðin var nánast óplægður akur þar sem margt var á huldu um lagaheimildir og íslenska tungu skorti mörg megin hugtök lögfræðinnar. Á fyrsta áratugnum eftir að lagakennsla hófst á Íslandi komu út níu kennslubækur eftir þessa þrjá menn auk þess sem



Kennarar lagadeildar.

Upphaf starfstíma miðast við fyrstu ráðningu, setningu eða skipun í starf lektors, dósentis eða prófessors.



Lárus H. Bjarnason prófessor
1908-1918



Einar Arnórsson prófessor
1908-1919



Jón Kristjánsson prófessor
1909-1932

þeir sinntu allri kennslu í lögum og verður það að teljast afrek.

Nemendur fyrsta veturinn voru átta en einn þeirra var Ólafur Lárusson sem síðar varð prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Ólafur lýsti síðar fyrsta vetrinum svo:

„Tímar voru bæði fyrir hádegi og eftir, tímasókn mjög góð og þótt ég segi sjálfur frá, þá sóttum við flestir námið fast þessa fyrstu vetur.

Við urðum að skrifa mikið eftir fyrirlesturum kennaranna, t.d. alla stjórnlagafræðina, réttarsögu og mikið af réttarfarinu. Komum við nokkrir saman á eftirmiðdögunum, bárum saman það, sem við höfðum hripað upp í tímunum, og hreinrituðum það. Svo var lesturinn undir tíma næsta dags.“


Megin hugtök lögfræðinnar mótuð á íslenska tungu

Stofnun lagadeildar

Lagaskólinn var einn af þremur embættismannaskólum sem gekk inn í Háskóla Íslands þegar hann var stofnaður þann 17. júní 1911. Kennarar



Laganemar hlýða á fyrirlestur í Aðalbyggingu Háskóla Íslands.



lagaskólans urðu þá prófessorar við lagadeildina og Lárus H. Bjarnason forstöðumaður varð forseti deildarinnar.

Í fyrstu lestrar- og kennsluáætlun fyrir hina nýju lagadeild sagði svo:

„Tilgangur kennslunnar í lagadeild Háskóla Íslands er að fræða stúdenta, sem hana sækja, svo að þeir geti gegnt embættum og öðrum störfum, sem lagakunnátta útheimtist til.“

Helstu námsgreinar voru borgararéttur, ríkisréttur og þjóðaréttur, hlutaréttur, réttarfar, réttarsaga og refsiréttur. Veturinn 1911-1912 stunduðu 17 nemendur nám við lagadeild en fyrstu fjórir laganemarnir, sem hófu nám við lagaskólann haustið 1908, luku embættisprófi við lagadeild Háskóla Íslands vorið 1912.



Ólafur Lárusson prófessor
1915-1917 og 1919-1955



Magnús Jónsson prófessor
1920-1934



Bjarni Benediktsson prófessor
1932-1940



Þórður Eyjólfsson prófessor
1934-1936



Ísleifur Árnason prófessor
1936-1948



Auður Auðuns lögfræðikandidat, 1935.

Þjóðfrelismál

Með stofnun lagaskólans, og síðar lagadeildar Háskóla Íslands árið 1911, var lagður grunnur að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Forystumenn þjóðarinnar litu á það sem þjóðfrelismál að kennsla og rannsóknir í íslenskum lögum færu fram á Íslandi en gert var ráð fyrir því að þeir einir sem leystu af hendi próf við lagaskólann skyldu eiga aðgang að embættum hér á landi sem lögfræðingar skipuðu. Háskóli Íslands fékk aðsetur í Alþingishúsinu við Austurvöll og var þar næstu 29 árin.

Fyrsta doktorsvörnin

Árið 1927, 16 árum eftir stofnun Háskóla Íslands, fór fram doktorsvörn í fyrsta skipti við lagadeildina. Þá varði Björn Þórðarson hæstaréttaritari doktorsritgerð sína um refsivist á Íslandi frá 1761-1925. Björn var forsætisráðherra árin 1942-1944. Á þeim hundrað árum sem liðin eru frá upphafi

lagakennslu á Íslandi hefur stór hluti ráðamanna þjóðarinnar útskrifast úr lagadeild Háskóla Íslands.

Stofnun Orators

Í upphafi árs 1929 stofnuðu laganemar, sem höfðu hafið nám haustið 1928, félag til að æfa sig í ræðuhöldum og munnlegum málfutningi. Þeir kölluðu félagið Orator og lifir það ennþá góðu lífi.

Auður Auðuns, fyrsta konan sem útskrifaðist frá lagadeild 1935

Fljótlega var starfsemi Orators útvíkuð og laganemar hófu vísindaferðir. Fyrsta ferðin var farin haustið 1929 á hið nýstofnaða vinnuhæli á

*Við undirskrifadir bjóðum
fátæklingum ókeypis lögfræð-
islegar leiðbeiningar 1. og 3.
laugardag i mánuði hverjum,
kl. 7—8 að kveldi.*

*Á þessum tíma verður ann-
anhvorn okkar að hilla i her-
bergjum lagaskólans i Ping-
hollsstræti nr. 28.*

Reykjavík 20. sept. 1908.

**Lárus H. Bjarnason.
Einar Arnórsson.**



Gunnar Thoroddsen prófessor
1940-1950 og 1971-1978



Ólafur Jóhannesson prófessor
1947-1978



Ármann Snævarr prófessor
1948-1972



Þeódór B. Lindal prófessor
1954-1969

Litla-Hrauni. Jónas Jónsson frá Hriflu var dóms-
málaráðherra og sá ráðuneyti hans um að greiða
rútukostnaðinn svo hinir verðandi lögfræðingar
gætu séð hvernig búið væri að skjólstæðingum þeirra
í framtíðinni.

Árið 1933 hófu laganemar að veita efnalitlu fólki
lögfræðilega aðstoð einu sinni í viku undir leiðsögn
kennara. Slík aðstoð var ekki ný af nálinni því fyrstu
veturna sem lagaskólinn starfaði veittu kennarar
fátæku fólki aðstoð. Aðstoðin var veitt í nokkur ár en
var svo lögð niður. Lögfræðiaðstoð Orators hóf aftur
göngu sína árið 1981 og hefur starfað síðan.

Margir ráðamanna þjóðarinnar hafa útskrifast frá lagadeild

Árið 1933 fóru fjórir laganemar frá Íslandi í fyrsta
skipti á norrænt laganemamót sem haldið var
í Finnlandi en samskipti við félög laganema á
Norðurlöndum eru talsverð.



Lagastúdinnur ásamt fyrrverandi forseta Íslands, hr. Ásgeiri Ásgeirssyni, 1965.



Guðrún Erlendsdóttir í munnlegu prófi hjá Ármanni Snævarr prófessor vorid 1961.

Fyrsta konan útskrifast

Árið 1935 útskrifaðist Auður Auðuns frá lagadeild
Háskóla Íslands. Auður er fyrsta konan sem lauk
laganámi á Íslandi en hún varð síðar borgarstjóri í
Reykjavík, alþingismaður og ráðherra. Þrátt fyrir að
Auður hafi rutt braut kvenna á þessu sviði er ekki
hægt að segja að þær hafi flykkst í laganám næstu
ár en á næstu þremur áratugum bættust einungis
fjórar konur í hópinn. Eftir það fór konum að fjölga
í deildinni og árið 1973 höfðu 24 konur útskrifast
þaðan.

Lagadeild breytist í laga- og viðskiptadeild

Árið 1937 hófst formleg samvinna milli laga- og
hagfræðideildar Háskóla Íslands og var heiti
deildarinnar breytt til samræmis við það. Þremur
árum síðar rann Viðskiptaháskólinn saman við
deildina sem kallaðist þá laga- og viðskiptadeild.
Árið 1962 voru deildirnar aðskildar á nýjan leik.

Nýja háskólabýggingin

Árið 1940 flutti Háskóli Íslands úr Alþingishúsinu í
nýtt húsnæði við Suðurgötu, nú nefnd Aðalbygging
Háskóla Íslands. Við það batnaði aðstaða lagadeildar
mikið enda kennslustofur bjartar og rúmgóðar fyrir



Magnús Þ. Torfason prófessor
1955-1970



Þór Vilhjálmsson prófessor
1962-1976




Gaukur Jörundsson prófessor
1966-1992



Jónatan Þórmundsson prófessor
1967-2007



Sigurður Lindal prófessor
1967-2001



Lögberg, bygging lagadeildar, var tekin í notkun 1970.

sístækkandi hóp laganema. Auk þess var lestrarsalur með aðgangi að fræðiritum, félagsleg aðstaða fyrir nemendur og skrifstofur fyrir próffessorana.

Breytingar á skipulagi laganáms

Fyrstu áratugin var nám í lögfræði ein heild og embættispróf í lögum tekið í lokin. Árið 1936 urðu talsverðar breytingar á náminu þar sem embættisprófinu var skipt upp í fyrri- og seinni hluta.

Kennarar deildarinnar í fararbroddi í rannsóknum í lögfræði

Með breytingum á reglugerð árið 1949 voru tekin upp sérstök forpróf í einstökum greinum, þeim fjölgað og námið þyngt. Sú skipan hélst að mestu til ársins 1970 en þá urðu gagngerar breytingar á náms- og kennsluháttum í lagadeild. Með þeim breytingum var stigið stórt skref í þá átt að gera laganámið fjölbreyttara og nútímalegra og færa það til samræmis við breyttar aðstæður í þjóðfélaginu.

Útgáfumál

Fyrstu áratugin var félagslíf laganema mismikið eftir árgöngum. Árið 1947 kom ný stjórn Orators sem hleypti lífi í félagið og stóð einnig fyrir útgáfu á tímaritinu Úlfjótí sem hefur komið út allar götur síðan. Laganemar gerðu árið 1953 sinn fyrsta útvarpsþátt sem fjallaði um Kambsránið en eftir að Ríkissjónvarpið hóf útsendingar gerðu laganemar sjónvarpsþáttinn „Réttur er settur“ sem naut mikilla vinsælda árum saman.

Flutt inn í Lögberg

Árið 1970 flutti lagadeild í nýtt húsnæði, Lögberg, þar sem í dag er að finna aðalstöðvar og hjarta deildarinnar. Flutningurinn í Lögberg var mikil lyftistöng fyrir starfsemi lagadeildar sem hafði verið í sama rými í 30 ár og búið við þröngan húsakost. Hið nýja húsnæði gerbreytti allri aðstöðu fyrir nemendur og kennara og gerði deildinni kleift að þróast enn frekar samhliða ört vaxandi fjölda nemenda.

Nemendur og kennarar

Árið 1911 stunduðu 17 stúdentar nám við deildina og 40 árum síðar voru þeir orðnir 122. Þrátt fyrir þessa fjölgun voru próffessorar lagadeildar aðeins þrír fram til ársins 1952 er þeim var fjölgað í fjóra. Haustið 2008 voru 22 kennarar við deildina, sjö próffessorar, fjórir



Af málfutningi, 1978.

Doktor Páll Sigurðsson, Magnús M. Norðdahl, Gísli Gíslason og Gunnar Björnsson.



Einar Bjarnason próffessor
1969-1978



Gunnar G. Schram próffessor
1970-1971 og 1974-2001



Arnlfjótur Björnsson próffessor
1971-1995



Lúdvík Ingvarsson próffessor
1972-1979



Laganemar á fræðafundi, 1985.

dósentar og ellefu lektorar. Auk þeirra starfar fjöldi aðjúkta og stundakennara við deildina. Haustið 2008 hófu um 270 nýnema nám við deildina og er þetta meðal fjölmennustu árganga nýnema frá upphafi. Alls stunda nú 750 stúdentar nám við deildina sem er metfjöldi. Á síðustu árum hefur hlutfall kynja í hópi stúdenta verið næstum hnífjafnt og er lagadeild reyndar ein fárra deilda Háskólans þar sem jafn margir nemendur eru af báðum kynjum.

Hollvinafélag stofnað

Árið 1996 var Hollvinafélag lagadeildar Háskóla Íslands stofnað. Hlutverk félagsins er að styrkja tengsl lagadeildar við fyrrum nemendur sína, efla kennslu og rannsóknir við deildina og veita henni nauðsynlegt aðhald í öllum störfum sínum.

Breytingar á tilhögun náms

Árið 1992 voru gerðar grundvallarbreytingar á náms-tilhögun í lagadeild, einkum varðandi kjörnám og hlutaskiptingu náms. Sjö árum síðar var kjarnanámið endurskoðað, hlutaskipting afnumin og tekið upp einingakerfi.

Haustið 2002 var svo laganáminu aftur breytt, nú með upptöku BA-prófs í lögfræði og framhaldsnámi til embættisprófs, sem jafngildir meistaranámi. Frá 2003 hefur deildin boðið upp á alþjóðlegt LL.M nám, frá 2007 í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfísrétti. Einnig hefur verið boðið upp á doktorsnám til Ph.D. gráðu frá árinu 2004.

Nýtt og glæsilegt húsnæði

Unnið hefur verið markvisst að breytingum og endurbótum í Lögbergi allt frá árinu 2000. Þá var aðalfyrirlestraralurinn endurnýjaður með nýjum sætum og tölvutengingum og í framhaldinu var það sama gert í öllum kennslustofum Lögbergs. Gagngerar breytingar voru gerðar á lesstofunni 2006 og Lögbergsdómur var tekinn í notkun 2007. Þann 1. desember 2007 var Háskólatorg tekið í notkun og þar fer fram kennsla í nokkrum námskeiðum lagadeildar.

Lögfræðingar frá lagadeild HÍ eru eftirsóttir starfsmenn

Háskólatorg hýsir nú allar þjónustustofnanir fyrir nemendur, Alþjóðaskrifstofu, Nemendaskrá og Náms- og starfsráðgjöf. Einnig Félagsstofnun stúdenta, Bóksölu stúdenta og veitingastaðinn Hámu. Þar er auk þess tölvuver, lesrými, kennslustofur og skrifstofur. Á torginu sjálfu eru haldnar ýmsar skemmtilegar uppákomur og þar iðar allt af lífi frá morgni til kvölds. Aðstaða laganema til náms hefur aldrei verið betri en einmitt á 100 ára afmælisárinu.



Páll Sigurðsson prófessor
1973-



Stefán Már Stefánsson prófessor
1975-



Guðrún Erlendsdóttir dósent
1976-1986



Jón Steinar Gunnlaugsson dósent
1977-1978



LIFANDI NÁM

Lagadeild Háskóla Íslands í dag

Í fararbroddi í rannsóknum með þátttöku nemenda

Við lagadeild starfa helstu sérfræðingar landsins á flestum sviðum lögfræði. Kennarar deildarinnar eru í fararbroddi í rannsóknum í íslenski lögfræði, með einna hæstu rannsóknarvirkni innan háskólans og mestu rannsóknarafköst í samanburði við lagadeildir annarra háskóla. Þeir birta rannsóknaniðurstöður sínar í innlendum og erlendum fræðiritum.

Lagadeild Háskóla Íslands er elsta og langstærsta lagadeildin á Íslandi með um 750 nemendur

Nánast allar kennslubækur og önnur rit um lögfræði eru ritaðar af kennurum lagadeildar Háskóla Íslands. Það er afrakstur rannsókna þeirra og eru ritin notuð til kennslu í öllum öðrum lagadeildum landsins.

Nemendur eru hvattir til að gerast aðstoðarmenn kennara auk þess sem þeim gefst kostur á að taka þátt í stærri rannsóknaverkefnum.

Lagastofnun

Innan lagadeildar starfar Lagastofnun Háskóla Íslands, sem er rannsóknastofnun á sviði lögfræði. Stofnunin stendur fyrir margvíslegum rannsóknaverkefnum, ýmist í samvinnu við fyrirtæki og opinberar stofnanir eða á grundvelli rannsóknastyrkja. Lagastofnun gefur út ritröð með viðamiklum fræðilegum greinum og ritgerðum í lögfræði og

önnur fræðirit. Laganemar geta starfað við þessar rannsóknir með námi eða í sumarvinnu.

Mannréttindastofnun og Hafréttarstofnun

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Hafréttarstofnun Íslands starfa innan vébanda lagadeildar. Stofnanirnar standa fyrir opnum málstofum, ráðstefnum og rannsóknaverkefnum á sínum sérsviðum. Mannréttindastofnun gefur út dómareifanir dóma Mannréttindadómstóls Evrópu auk annarra fræðirita um mannréttindi.

Fjölbreyttir kennsluhættir

Við lagadeild er boðið upp á grunnnám (BA), meistaranám (Mag.jur) og doktorsnám (Ph.D). Auk þess er boðið upp á alþjóðlegt meistaranám (LL.M) í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og felast í margs konar verkefna- og ritgerðavinnu auk umræðutíma þar sem nemendum er skipt í minni hópa. Sem dæmi má nefna að nemendur hlusta á málflutning í Hæstarétti og semja „dóm“ í hlutaðeigandi máli. Eftir dómsuppkvaðningu eru „dómar“ nemenda teknir til umfjöllunar og niðurstaða Hæstaréttar rædd.

Lögbergsdómur

Nemendur eru þjálfaðir enn frekar í málflutningi í réttarhöldum sem haldin eru í sérstökum dómum sem lagadeild hefur látið setja upp í Lögbergi, ein lagadeilda á Íslandi.



Björn Þ. Guðmundsson prófessor
1978-2006



Þorgeir Örylgsson prófessor
1984-2006



Jón Arnalds dósent
1986-1987



Markús Sigurbjörnsson prófessor
1988-1994



Svarar kröfum tímans

Nám við lagadeild Háskóla Íslands er krefjandi og nútímalegt. Í meistaranámi er í boði mikill fjöldi námskeiða á hverju námsári auk þess sem nemendur geta tekið námskeið í öðrum deildum háskólans og erlendum háskólum.

Deildin hefur alltaf haft sterk tengsl við atvinnulífið

Lagadeild tekur virkan þátt í Sókrates/Erasmus og Nordplus-áætlunum og býr að áralöngu samstarfi við marga helstu lagaskóla heimsins. Nemendur eru þjálfaðir til að vinna sjálfstætt að rannsóknum og leysa úr hvers kyns lögfræðilegum álitaeftum, auk þess sem þeir eru búnir undir störf þar sem reynir á alhliða og staðgóða lögfræðipækkingu. Nemendum býðst að sérhæfa sig enn frekar í meistaranáminu og geta þeir valið um að útskrifast með almenna meistaraþráðu eða með eitt af tíu áherslusviðum.

Aðstoðarkennsla og námsvist

Meistaránemar geta sótt um að starfa sem aðstoðarkennarar í BA-náminu og fengið kennsluna metna til eininga. Þetta fyrirkomulag hvetur nemendur til þess að kynnast kennslu, verkefna- og prófayfirferð og því að stjórna umræðu- og verkefnatímum undir handleiðslu umsjónarkennara. Nemendur geta fengið námsvist við fyrirtæki og stofnanir metna til eininga í meistaranáminu enda hefur deildin alltaf haft sterk tengsl við atvinnulífið.

Alþjóðlegar málflutningskeppnir

Löng hefð er fyrir þátttöku nemenda lagadeildar Háskóla Íslands í alþjóðlegum málflutningskeppnum. Jessup-málflutningskeppnin í þjóðarétti er ein stærsta keppni heims á sínu sviði.



Davíð Þór Björgvinsson prófessor
1989-2003



Magnús K. Hannesson lektor
1989-1994



Ragnheiður Bragadóttir prófessor
1989-



Eiríkur Tómasson prófessor
1983 og 1995-



Yfir 1600 laganemar frá 300 háskólum keppa árlega um að komast í lokakeppnina en þangað ná einungis um 100 skólar. Eins er þátttaka í norrænu mállutningskeppninni um Mannréttindasáttmála Evrópu fastur liður í starfi deildarinnar.

Stærsta sérfræðisafn á sviði lögfræði er að finna í Lögbergi

Fyrsta flokks aðstaða

Öll aðstaða til náms við lagadeild Háskóla Íslands er til fyrirmyndar. Nýju háskólabyggingarnar, Háskólatorg og Gimli, eru hjarta háskólasamfélagsins og staðsettar steinsnar frá Lögbergi en þar er einmitt að finna stærsta sérfræðisafn á sviði lögfræði í landinu.

Próf frá lagadeild HÍ er gæðastimpill

Lagadeild Háskóla Íslands er 100 ára. Hún hefur vaxið og þróast og státar nú af því að bjóða upp á nám sem byggir á traustum grunni, í takt við þarfir samfélagsins og atvinnulífsins.

Próf frá deildinni hefur verið ávísun á öruggt viðurværi og fjölbreytta starfsmöguleika. Viðfangsefni lögfræðinnar eru margbreytileg og lagadeild Háskóla Íslands hefur lagt sig í framkróka um að svara kalli tímans með fullnægjandi námsleiðum og áherslusviðum. Starfsfólk og nemendur lagadeildar Háskóla Íslands hlakka til að takast á við verkefni nýrrar aldar í starfi deildarinnar.

Samstarf við atvinnulífið

Deildin hefur byggt upp sterk tengsl við lögmannsstofur, stofnanir og fyrirtæki í atvinnulífinu. Hún hefur gert sérstaka samstarfssamninga, m.a. við lögmannsstofurnar LOGOS og LEX, einnig við Glitni, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samorku, til þess að styrkja rannsóknir og kennslu og til að efla enn frekar tengsl við atvinnulífið.

Á þessum tímamótum þakkar lagadeild samstarfsaðilum kærlega fyrir þennan mikilvæga stuðning.



Viðar Már Matthíasson prófessor
1996-



Páll Hreinsson prófessor
1997-2007



Áslaug Björgvinsdóttir dósent
2000-2003



Skúli Magnússon dósent
2000-



- ENDURHEIMT VERDMETA VHY GJALDEYRI
- VEDRETTUR
- EINKALEYFARÉTTUR
- KAUPARÉTTUR
- DÓMAR, UM FASTEIGNAKAUP II
- KAUPARÉTTUR Páll Sigurðsson
- VERKSAMNINGAR Páll Sigurðsson
- DÓMAR, UM FASTEIGNAKAUP I

STOÐ OG STYTSTA

Hollvinafélag lagadeildar HÍ

Hollvinafélag lagadeildar HÍ var stofnað 16. febrúar árið 1997. Hlutverk félagsins er að efla kennslu og rannsóknir við lagadeild HÍ og auka og styrkja tengsl deildarinnar við fyrrum nemendur sína og aðra sem bera hag hennar fyrir brjósti.

Öflugur stuðningur hollvina

Allt frá stofnun hefur hollvinafélagið stutt og styrkt lagadeildina og nemendur hennar með margvíslegum hætti. Hefur félagið m.a. lagt deildinni til tæki og tölvubúnað, bækur á bókasafn, áskrift að hinum ýmsu tímaritum, aðstoð við að útvega kostun á stöðum við deildina og styrki til ýmissa sérverkefna, t.d. til hins nýja Lögbergsdóms. Þá er félagið lagadeildinni innan handar í tengslum við margs konar verkefni og fjáröflun, m.a. með söfnun hjá félagsmönnum.

Tengsl við atvinnulífið

Á vegum félagsins starfar ráðgjafaráð skipað valinkunnum lögfræðingum og fagråd sem er ætlað að auka tengsl deildarinnar við atvinnulífið. Hlutverk ráðgjafaráðs og fagráðs er m.a. að veita deildinni og félaginu ráð að því er varðar kennslu og rannsóknir við deildina og fjáröflun. Þá hefur félagið verið Orator, félagi laganema við lagadeild HÍ, innan handar við að efla tengsl laganema og atvinnulífsins. Félagið heldur árlega móttöku fyrir afmælisárganga í samvinnu við deildina og í júní hvert ár stendur félagið í samvinnu við atvinnulífið að veitingu heiðursviðurkenninga til laganema við deildina sem skara fram úr í námi.

Breytt umhverfi í samkeppni við aðra háskóla

Þegar hollvinafélagið var stofnað var lagadeild HÍ eina lagadeildin á Íslandi. Stofnun þriggja nýrra lagadeilda við aðra háskóla á síðustu árum hefur aukið mikilvægi þess fyrir lagadeildina að eiga innan handar félagsskap hollvina sem vilja stuðla að því að hún verði áfram í broddi fylkingar á Íslandi í kennslu og rannsóknum á sviði lögfræði.

Félagið er lagadeild innan handar í tengslum við ýmiss konar verkefni og fjáröflun

Áralöng reynsla lagadeildar Háskóla Íslands og öflugt starfslið hennar ásamt stórum hópi velunnara eiga að tryggja að lagadeildin haldi velli með metnaðarfullri kennslu, fjölbreyttu úrvali námskeiða og umfangsmiklum rannsóknum og fræðiskrifum á sviði lögfræði.

Enn meiri þörf fyrir stuðning

Það er mikið hagsmunamál fyrir lögfræði sem fræðigreinin og þjóðfélagið í heild að lagadeild Háskóla Íslands haldi sínu striki. Lagaumhverfið sem við búum við verður sífellt flóknara og kallar á umfangsmeiri kennslu, rannsóknir og útgáfu fræðibóka en áður. Mikilvægt er að kraftar fræðimanna og aðstaða öll til kennslu og rannsókna dreifist ekki um of og veikist þar með. Einnig er þetta hagsmunamál fyrir lagadeildina sjálfa til að hún



Björg Thorarensen prófessor
2002-



Róbert R. Spanó prófessor
2002-



Benedikt Bogason dósent
2002-



Karl Axelsson dósent
2002-



geti haldið áfram að laða til sín öflugum nemendum og kennara. Og ekki síst er þetta mikilvægt fyrir þá lögfræðinga sem hafa útskrifast frá deildinni, en staða lögfræðinga á atvinnumarkaði mun í framtíðinni óhjákvæmilega ráðast að nokkru leyti af þeirri stöðu og virðingu sem lagadeild þeirra nýtur á markaðnum, líkt og þekkist víða erlendis.

Flóknara lagaumhverfi kallar á umfangsmeiri kennslu og útgáfu fræðibóka en áður

Í stjórn hollvinafélagsins sitja nú Ragnar Tómas Árnason, formaður, Ragnheiður M. Ólafsdóttir, ritari, Einar Farestveit, gjaldkeri, og Haraldur Örn Ólafsson og Sigurður Guðmundsson, meðstjórnendur. Upplýsingar um félagið og starfsemi þess má finna á heimasíðu lagadeildar, www.lagadeild.hi.is.

Hollvinafélag lagadeildar Háskóla Íslands óskar lagadeild innilega til hamingju með 100 ára afmælið.



Ár	Fjöldi í lagadeild
1911	17 stúdentar
1921	36 stúdentar
1931	53 stúdentar
1941	81 stúdent
1951	122 stúdentar
1961	143 stúdentar
1971	233 stúdentar
1981	253 stúdentar
1991	432 stúdentar
2001	436 stúdentar
2008	750 stúdentar



Lára V. Júlíusdóttir lektor
2002-




Aðalheiður Jóhannsdóttir dósent
2004-



Brynhildur G. Flóvenz lektor
2005-



Eyvindur G. Gunnarsson lektor
2005-



VERKSAMNINGAR
SKADABÖTARETTUR
KAUPARETTUR
EINKALEYFARETTUR
DÓMAR UM FASTEIGNAKAUP II
VERKSAMNINGAR
DÓMAR UM FASTEIGNAKAUP
UM LÖG OG RETT
Helstu greinar ídönskum lögfræði

SÁ SEM TALAR

Orator, félag laganema

Orator, félag laganema við HÍ, var stofnað árið 1928 og er því á sínu áttugasta starfsári. Upphaflegt markmið félagsins var að þjálfa meðlimi í mælsku-list, enda er nafn félagsins komið úr latínu og merkir „ræðumaður“ eða „sá sem talar“. Orator er eitt fjölmennasta og öflugasta nemendafélag innan Háskóla Íslands. Laganemar eru þekktir fyrir frábært félagslíf og mikla skemmtanagleði enda er slíkt nauðsynlegt þegar mikill tími fer í nám.

Úlfjótur

Orator stendur fyrir útgáfu fræðiritisins Úlfjóts. Úlfjótur er elsta og jafnframt eitt virtasta tímarit um íslenska lögfræði og kemur út fjórum sinnum á ári. Þar birtast fræðigreinar í lögfræði og fréttir af félagslífi og er mikið stuðst við tímaritið í kennslu. Á vegum Úlfjóts er starfandi Fræðasjóður Úlfjóts sem eflir fræðastarf og rannsóknavinnu á sviði lögfræði, sérstaklega meðal laganema og kennara við lagadeild HÍ.

Samskipti við erlenda laganema

Orator hefur staðið fyrir mjög öflugu alþjóðlegu samstarfi við lagadeildir erlendra háskóla. Lagadeild Háskóla Íslands og Ohio Northern University gerðu t.d. með sér samning árið 1960 um skiptinám. Bandarískir laganemar heimsækja Ísland í janúar á ári hverju og er heimsóknin svo endurgoldin með ferð íslenskra laganema til Ohio.

Félagið er einnig í góðum samskiptum við norræn laganemafélög og árlega heldur Orator norræna laganemaviku. Íslenskum laganemum býðst

einnig að ferðast á norrænar laganemavikur hjá samstarfsfélögunum á Norðurlöndum.

Lögfræðiaðstoð

Orator hefur staðið fyrir lögfræðiaðstoð fyrir almenning öll fimmtudagskvöld frá árinu 1981, sem hefur gagnast mörgum vel.

Lögfræðiaðstoð Orators tilnefnd til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins árið 2008

Þar veita eldri nemendur leiðsögn um þau lögfræðilegu álitafni sem fólk glímur við, þeim til halds og trausts er starfandi lögmaður. Nemendur öðlast við þetta dýrmæta reynslu þar sem reynir á lögfræðilega þekkingu við raunverulegar aðstæður. Aðstoðin er veitt í gegnum síma og er án endurgjalds.

Lögbergsdómur

Vorið 2007 var tekinn í gagnið dómsalur í Lögbergi þar sem haldin eru regluleg málþing. Þar spreyta nemendur sig á málflutningi í tilbúnum málum. Nemendur koma að öllum þáttum málsins, semja málavaxtalýsingu, verja og sækja mál, bera vitni og kveða upp dóma. Þar gefst í senn skemmtilegt og lærdómsríkt tækifæri fyrir nemendur að reyna á þekkingu sína. Salurinn er einnig notaður til kennslu. Framkvæmdastjórn Úlfjóts árið 2007 hafði frumkvæði að framkvæmdum við salinn og aflaði styrkja sem stóðu að mestu leyti undir kostnaði.



Ása Ólafsdóttir lektor
2006-



Pétur Dam Leifsson lektor
2007-



María Elvira Mendez Pinedo lektor
2007-



Ásgeir Einarsson lektor
2007-



Málþing og rökræður

Í samræmi við upphaflegt markmið félagsins sér Orator um að þjálfa félagana sína til lögfræðilegra viðfangsefna; í rökfimi, mælskulist og öðru því sem þrýða má góðan lögfræðing. Árlega er haldin keppnin Orator Oratorum þar sem keppt er í mælskulist og er titillinn mjög eftirsóttur. Jafnframt sér Orator um að halda málþing þar sem fengnir eru þekktir fræðimenn til að hafa framsögu og svo eru málin krufin.

Lögbergsdómur, dómsalur til málflutningsæfinga í Lögbergi

Oft og tíðum er tekið á því helsta sem er efst á baugi í þjóðfélaginu á hverjum tíma og skapast því oft heitar umræður. Þá má nefna Málflutningskeppni Orators þar sem laganemar undirbúa, sækja og verja tilbúið mál í tveimur fjögurra manna liðum. Keppnin er haldin í Hæstarétti og eru dómara réttarins nemendum til halds og trausts.

Hagsmunagæsla og félagslíf

Orator er hagsmunafélag laganema í HÍ og út á við, t.d. gagnvart opinberum aðilum svo og erlendis. Laganemar eiga fulltrúa á deildarfundum lagadeildar og í námsnefnd lagadeildar.

Í lagadeild er mjög öflugt félagslíf og sjást þess merki í hverri viku háskólaálífsins. Þar má nefna vikulega heimsókn til virtra fyrirtækja eða lögmannsstofa þar sem starfsemi viðkomandi fyrirtækis er kynnt og boðið upp á veglegar veitingar.

Söngvakeppni Orators, Orovision, er meðal vinsælli viðburða félagsins og uppgötvast sífellt nýir félagar með sönghæfileika á þessum skemmtunum.



Ýmsir íþróttaviðburðir eru haldnir yfir árið og má þar nefna keppni í fótbolta, körfubolta, golfi, keilu, pílukasti og jafnvel í bugðu (e. boccia)!

Árshátíð Orators er hápunktur

Hápunktur vetrarins er hin glæsilega árshátíð Orators, sem haldin er á afmælisdegi Hæstaréttar og hátíðisdegi félagsins, 16. febrúar. Þá mæta laganemar í sínu finasta þússi.

Í stjórn Orators hefur valist í gegnum tíðina úrvalsfólk og má þar að sjálfsögðu nefna hæstaréttardómara, ráðherra og alþingismenn. Orator óskar lagadeild Háskóla Íslands innilega til hamingju með afmælið, glæsilega sögu og gifturíka framtíð.



Eiríkur Jónsson lektor
2007-



Kristján G. Valdimarsson lektor
2007-



Jón Þór Ólason lektor
2008-



Trausti Fannar Valsson lektor
2008-

DAGSKRÁ

Afmælis dagskrá lagadeildar 2008-2009

Afmælisfagnaður og hátíðarmálþing

Miðvikudagur 1. október 2008

Háskólatorg

Afmælistóttaka lagadeildar

Allir útskrifaðir lögfræðingar frá lagadeild Háskóla Íslands, nemendur við deildina og fleiri velunnarar eru boðnir í afmælisfögnuð.

Föstudagur 17. október

Hátíðasalur Háskóla Íslands

Hefst kl. 13:15

Hátíðarmálþing

Lögfræði og laganám í aldarspegli



Setning málþings

Björg Thorarensen, deildarforseti

Ávarp dómsmálaráðherra

Björn Bjarnason



How Nordic is Nordic Law?

Ditlev Tamm, prófessor við Háskólann í Kaupmannahöfn

Rannsóknir og kennsla í íslenskum rétti við Háskólann í Kaupmannahöfn

Sigurður Líndal, prófessor við Háskólann á Bifröst



Krafan um stofnun lagaskóla og sjálfstæðisbaráttan

Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur



Um nauðsyn lögfræðinnar

Garðar Gíslason, hæstaréttardómari

Fundarstjóri

Guðrún Erlendsdóttir

Laugardagur 18. október

Hátíðasalur Háskóla Íslands

Hefst kl. 16:00

Hátíðarmálþing

Lögfræði og laganám í aldarspegli



The Future of Law

Antonin Scalia, dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna

Aðrar ráðstefnur og málstofur á afmælisárinu 2008-2009

Föstudagur 12. september
Þjóðminjasafn

EEA-law and a new pharmaceutical policy for the 21. century
Alþjóðleg ráðstefna lagadeildar HÍ og heilbrigðisráðuneytis

Fimmtudagur 9. október
Lögberg

Af vettvangi fræðanna – Málstofa um refsirétt
Vagn Greve, prófessor við Copenhagen Business School

Föstudagur 24. október
Lögberg og Háskólatorg

Þjóðarspegillinn
Ráðstefna um rannsóknir í félagsvísindum

Mánudagur 3. nóvember
Hátiðasalur Háskóla Íslands

Recent challenges and developments at the ICJ
Rosalyn Higgins, forseti Alþjóðadómstólsins í Haag

Föstudagur 14. nóvember
Þjóðminjasafnið

Málþing um réttarfar og Evrópurétt
Hátiðarmálþing til heiðurs Stefáni Má Stefánssyni, prófessor

Miðvikudagur 26. nóvember
Lögberg

Af vettvangi fræðanna
Málstofa um hafrétt í samvinnu við Hafréttarstofnun
Rosemary Rayfuse, prófessor við NSW háskólann í Sidney

Föstudagur 28. nóvember
Þjóðminjasafnið

Umhverfis- og auðlindaréttur á tímamótum
Nico Schrijver, prófessor í umhverfisirétti við Leiden háskóla

Miðvikudagur 14. janúar
Lögberg

Af vettvangi fræðanna
Málstofa um stjórnskipunarrétt
Björg Thorarensen, prófessor

Miðvikudagur 28. janúar
Lögberg

Af vettvangi fræðanna
Málstofa um stjórnsýslurétt
Trausti Fannar Valsson, lektor

Föstudagur 20. febrúar
Lögberg

Af vettvangi fræðanna
Málstofa um auðlindarétt
Anita Rønne, prófessor við Háskólann í Kaupmannahöfn

Föstudagur 27. febrúar
Lögberg

**Kennslumálaráðstefna í samvinnu lagadeildar og Orators, félags
laganema**
David B. Wilkins, prófessor við Harvard-háskóla

Miðvikudagur 11. mars
Lögberg

Af vettvangi fræðanna
Málstofa um samninga- og kröfurétt
Ása Ólafsdóttir, lektor

Miðvikudagur 25. mars
Lögberg

Af vettvangi fræðanna
Málstofa um skaðabótarétt
Viðar Már Matthíasson, prófessor

Lagadeild þakkar eftirtöldum fyrir stuðning:

Arev verðbréfafyrirtæki hf.

BBA//Legal

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Glitnir banki hf.

Heilbrigðisráðuneytið

Kaupþing banki hf.

Landsbanki Íslands

Landslög ehf.

Straumur - Burðarás hf.

Umhverfissráðuneytið


Utanríkisráðuneytið

Núverandi samstarfsaðilar lagadeildar:



LÖGMANSSTOFA





Árið 2008 fögnum við hundrað ára afmæli lagadeildar Háskóla Íslands. Efnt verður til hátíðar þann 1. október, daginn sem lagaskólinn tók til starfa árið 1908 og boðið verður til málþinga og fyrirlestra.

Fjöldi erlendra lögspekinga heimsækir deildina og flytur erindi ásamt mörgum af helstu fræðimönnum Íslendinga. Þar á meðal eru Antonin Scalia, dómari við hæstarétt Bandaríkjanna og Rosalyn Higgins, forseti Alþjóðadómstólsins í Haag.

Í þessu blaði er stiklað á stóru í sögu lagadeildar og fjallað um störf hennar fyrr og nú. Á hundrað árum hefur deildin vaxið úr smáum en metnaðarfullum embættismannaskóla í leiðandi afl á breiðum vettvangi lögfræðinnar.

Lagadeild Háskóla Íslands tilheyrir nútíma og framtíð, með jöfnu hlutfalli karla og kvenna í nemendahópnum, öflugum tengslum við virta lagaskóla um allan heim og virkri samvinnu við atvinnulífið. Jafnframt byggir hún á fortíð sem nú er minnst með stolti.